

Hvernig fá stjórnendur yfirsýn yfir launakostnað og þróun hans með einföldum og skjótum hætti?

Á samkeppnismarkaði verða fyrirtæki að hafa yfir að ráða öflugri launalausn sem er með allar launaupplýsingar á einum stað en gerir um leið ráð fyrir breytileika í launavinnslu. Stjórnendur þurfa að geta nálgast áreiðanlegar skýrslur um launakostnað á einfaldan og skjótan hátt svo tryggja megi góðan árangur og afkomu fyrirtækisins. Applicon Laun uppfyllir kröfur fyrirtækja um launaútreikning og upplýsingar um launakostnað. Við flutning í bókhald fylgja allar afleiddar færslur sem tilheyra launaútreikningi og skipting þeirra niður á flokka, til að mynda deild eða kostnaðarstöð. Að auki er hægt að skoða launakostnað eftir ýmsum öðrum skilyrðum, t.d. kyni, starfi og stöðu. Mögulegt er að skoða sérstaklega skuldbindingar fyrirtækisins vegna áunninna réttinda starfsmanna, s.s. orlofstíma og orlofs- og desemberuppbótar, auk þess sem sjálfvirktt uppgjör launa starfsmanns sem hættir störfum er einföld aðgerð í Applicon Launum.

Applicon Laun er sérsniðin lausn að þörfum íslenskra fyrirtækja. Hún er fullkomlega samþætt öðrum kerfishlutum frá Applicon og vinnur sérstaklega vel með lausninni Applicon Mannauður. Samþætting við mörg önnur kerfi sem notuð eru við launaútreikninga, eins og t.d. við tímaskráningu og bókhald, er einnig góð. Applicon Laun býður upp á öflugar aðgangsstýringar og innleiðingartími er stuttur.

Helstu kostir:

- Íslensk reiknivél.
- Hraðvirk vinnsla.
- Mikill sveigjanleiki.
- Fullkomlega samþætt öðrum kerfishlutum SAP, starfsmannaupplýsingar þarf t.d. aðeins að skrá einu sinni.
- Fullgild fyrir sveitarfélög og sjávarútvegsfyrirtæki.
- Söguskráning gagna gerist sjálfkrafa.
- Auðvelt að útbúa skýrslur.
- Áætlanagerð aðgengileg.
- Nákvæmt niðurbrot launabókunar með afleiddum færslum.
- Öflugar aðgangsstýringar.
- Innleiðingarferli markvisst og áreiðanlegt.



Applicon er hugbúnaðar- og ráðgjafar-fyrirtæki á sviði SAP og Microsoft lausna, með gullvottun frá báðum vörumerkjum. Applicon starfar í fjórum löndum; Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi. Starfsmenn Applicon félaganna eru rúmlega 200. Hjá Applicon á Íslandi starfa yfir 80 manns með mikla reynslu af margvíslegum verkefnum. Applicon er fyrirtæki ársins 2007 samkvæmt könnun VR.

Lausnir Applicon eru sérsniðnar að þörfum fyrirtækja á íslenskum markaði. Þróun þeirra byggir á yfir 10 ára reynslu af samstarfi með viðskiptavinum fyrirtækisins sem margir hverjir eru meðal öflugustu fyrirtækja landsins. Lausnir Applicon eru áreiðanlegar og tryggja notendum ávinning í daglegu vinnuumhverfi. Starfsmenn Applicon eru með víðtæka þekkingu á rekstrarumhverfi fyrirtækja sem tryggir viðskiptavinum Applicon góða og örugga þjónustu.

Sveigjanlegir notkunarmöguleikar

Applicon Laun inniheldur sérsníðaða íslenska reiknivél sem býður upp á hraðvirkan og sveigjanlegan launaútreikning. Sjálfvirkir reikniliðir leysa af hólmi handvirkan launaútreikning.

Öflugar aðgangsstýringar eru í kerfinu. Applicon Laun býður upp á áætlanagerð launakostnaðar þar sem hægt er að setja inn áætlun fyrir laun og launatengd gjöld sem auðveldar samanburð á áætlun og raunkostnaði.

Applicon Laun gerir notendum kleift á auðveldan hátt að afturreikna laun og afleiddar færslur miðað við nýjar forsendur, t.d. þegar nýir kjarasamningar taka gildi. Einnig er einfalt að setja inn breytingar fram í tímann. Applicon Laun heldur nákvæmlega utan um allar breytingar sem gerðar eru í kerfinu þar sem stuðst er við dagsetningar.

Þannig er hægt að fylgjast betur með öllum breytingum og auðvelt er að miðla upplýsingum. Margar skýrslur fylgja kerfinu en einnig er einfalt að útbúa eigin skýrslur. Applicon Laun er innleitt samkvæmt hugmyndafræði sem kallast Applicon Implementation Method (AIM). Með AIM er áhersla lögð á að brjóta hvert verkefni niður í viðráðanlegar einingar, vinna að þeim í nánu samstarfi við viðskiptavininn og afhenda til notkunar í raunverulegu tölvuumhverfi. Innleiðingarferlið er nákvæmt og áreiðanlegt og byggir á reynslu starfsmanna Applicon af þeim aðferðum sem beita þarf til að ná settum markmiðum. Þannig er hægt að tryggja hámarksnýtingu fjárfestingar með markvissum vinnubrögðum. Applicon Laun hentar öllum íslenskum fyrirtækjum.

Fjölbætt reynsla

Applicon, í samvinnu við SAP, hefur óviðjafnanlega þekkingu og reynslu eftir 10 ára veru á íslenskum markaði og ráðgjafar Applicon hafa margir áralanga reynslu. Hjá Applicon starfa alls átta ráðgjafar og forritarar sem eru sérhæfðir í launalausninni. Applicon Laun er í notkun hjá mörgum íslenskum fyrirtækjum, ýmist með öðrum SAP lausnum frá Applicon eða sem eina lausnin frá Applicon. Lausnin hefur verið aðlöguð íslenskum aðstæðum, býr yfir öflugri reiknivél, er hraðvirk og vinnur mjög vel með lausninni Applicon Mannauði sem byggir á SAP grunni.

Meðal viðskiptavina sem nota Applicon Laun eru:

Glitnir, Síminn, Húsasmiðjan, Kaupþing og Akureyrarbær.

REYNSLA VIÐSKIPTAVINAR:

„Meðal kosta sem AppliCon Laun hafa umfram fyrra kerfi er samþætting launa og mannauðskervis sem dregur úr tvískráningu og gefur möguleika á dreifðari skráningu upplýsinga, jafnvel í gegnum netið. Umsókn um starf á netinu getur skilað persónuupplýsingum inn í SAP-kerfi, gert miðlæga skráningu einfaldari og fært ábyrgð á viðhaldi ýmissa upplýsinga til stjórnenda og starfsmanna sjálfra. Umfram allt er fyrirsjáanlegt að öll mannauðsstjórnun verður markvissari með tilkomu mannauðskervisins þar sem halda má utan um upplýsingar um fræðslumál starfsmanna og alla starfsþróun. Innleiðingarvinnan hefur vissulega verið krefjandi og í því sambandi er full ástæða til að ljúka lofsorði á starfsfólk AppliCon fyrir jákvæða afstöðu, góðan vilja og getu til að leysa úr hverjum þeim vanda sem upp hefur komið. Samstarfið hefur verið afar ánægjulegt þegar á heildina er litið.“

Halla Margrét Tryggvadóttir,
starfsmannastjóri Akureyrarbæjar.